

Menntamálaráð hefir úthlutað náms- styrkjum fyrir árið 1949.

**350 þúsundum úthlutað til
143 umsækjenda.**

Úthlutun námsstyrkja.

Menntamálaráð Íslands hefir nýlega úthlutað fé því, sem væntanlega verður veitt á fjárlögum 1949, 14. gr. B. II. b., svo sem hér segir:

Framhaldsstyrkir:

Nafn:

Aðalsteinn Sigurðsson, Andrés Andrússon, Andrés H. Guðmundsson, Árni G. Pétursson, Árni Waage, Ásgerður E. Búadóttir, Axel V. Magnússon, Baldur Þorsteinsson, Baldvin Þorsteinsson, Benedikt Gunnarsson, Benedikt B. Sigurðsson, Bjarni Steingrímsson, Björn Franzson, Björn J. Lárusson, Björn Sveinbjörnsson, Davíð Stefánsson, Einar G. Baldvínsson, Einar Jónsson, Elin P. Bjarnason, Emil N. Bjarnason, Erla Elíasdóttir, Erlendur Helgason, Erlingur Guðmundsson, Eyjólfur A. Guðnason, Friðrik R. Gíslason, Garðar Ólafsson, Geir Kristjánsson, Gerður Helgadóttir, Guðlaugur Hannesson, Guðm. K. Guðjónsson, Guðm. Elíasson, Guðni Hannesson, Guðrún Á. Simonar, Gunnar K. Bergsteinsson, Gunnar Ó. Þ. Egilsson, Gunnar Ólason, Gunnhildur Snorradóttir, Guttormur V. Þormar, Halldór Sveinsson, Haraldur Árnason, Haraldur Jóhannsson, Hjalti Einarsson, Hjörleifur Sigurðsson, Hólmfríður Pálsdóttir, Hrólfur Sigurðsson, Ida P. Björnsson, Inga S. Ingólfssdóttir, Ingibjörg P. Jónsdóttir, Ingvi S. Ingvarsson, Jakob Löve, Jóhann Kr. Eyfells, Jóhann Indriðason, Jón H. Björnsson, Jón Guðnason, Júlíus J. Danielsson, Karl V. Kvaran, Kristinn Björnsson, Kristján Hallgrímsson, Magnús Bergþórsson, Magnús Gíslason, María H. Ólafsdóttir, Ólöf Pálsdóttir, Óttar I. Karlsson, Ottó Valdimarsson, Páll Þ. Beck, Páll Fr. Einarsson, Páll Árdal Guðmundsson, Pétur Fr. Sigurðsson, Ragnar Emilsson, Sibil Kamban, Sigfús H. Andrússon, Siglaugur Brynleifsson, Sigríður A. Helgadóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Sigurður B. Blöndal, Sigurður B. Magnússon, Sigurður Þormar, Skarphéðinn Jóhannsson, Skúli Guðmundsson, Skúli H. Norðdahl, Snót Leifs, Stefán Karlsson, Steinunn L. Bjarnadóttir, Sveinn Björnsson, Sverrir S. Markússon, Sverrir Runólfsson, Theódór Árnason, Valdimar Jónasson, Vilhjálmur Th. Bjarnar, Þór-

arinn Pétursson, Þóroddur Th. Sigurðsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þórunn S. Jóhannsdóttir, Þórunn Þórðardóttir, Þorvaldur Kristmundsson, Örnólfur Örnólfsson,

Nýir styrkir:

Aðalbjörg Sigtryggsdóttir, Ari Brynjólfsson, Ari Guðmundsson, Baldur Sveinsson, Benedikt B. Sigurðsson, Björg Hermannsdóttir, Björgvin Torfason, Eggert Steinsen, Einar Þorkelsson, Elias Mar, Erla G. Ísleifsdóttir, Guðjón Sv. Sigurðsson, Guðm. Birgir Frimannsson, Guðni Magnússon, Gunnar B. Guðmundsson, Gunnar Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Hafsteinn Bjargmundsson, Hannes Jónsson, Haukur Magnússon, Jakob Magnússon, Jón Björnsson, Jón Þórberg Eiríksson, Jón Nordal, Karl Guðmundsson, Kjartan Gunnarsson, Kjartan Sveinsson, Loftur Loftsson, Loftur Þorsteinsson, Málfríður Bjarnadóttir, Móses Aðalsteinsson, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Einar Ólafsson, Páll Halldórsson, Ragnar Hermannsson, Runólfur Þórðarson, Rúrik Th. Haraldsson, Sigríður Breiðfjörð, Sigurbjörn Árnas., Sigurður Jónsson, Sigurgeir B. Guðmannsson, Steingrímur Hermannsson, Vigdís Kristjánsdóttir, Þórir G. Ingvarsson, Þorsteinn Ingólfsson, Þórunn Guðmundsdóttir.

Greinargerð.

Um námsstyrki þá, sem Menntamálaráð Íslands hefir nú úthlutað, þykir rétt að taka fram eftirfarandi atriði til skýringar:

Fjárhæð sú, sem Menntamálaráð hafði nú til úthlutunar, nam kr. 350.000.00. Er þar miðað við upphæð þá, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1949, 14. gr. B. I. b.

Menntamálaráði bærast að þessu sinni 235 umsóknir. Er það 29 umsóknum meira en s. l. ár. Af þeim voru 113 umsóknir frá nemendum, sem Menntamálaráð hefir áður veitt styrki. Eðlilegt þótti, að þeir nemendur, sem fengu styrki frá Menntamálaráði 1948, og stunda nám í ár, héldu styrkjum sínum yfirleitt áfram. Þó var samkvæmt venju eigi veittur styrkur til þeirra, sem notið hafa styrks s. l. 4 ár, eða njóta sambærilegs styrks frá öðrum opinberum aðilum.

Við úthlutun styrkjanna var m. a. tekið tillit til eftirfarandi sjónarmiða:

Þeirri reglu var fylgt að veita yfirleitt eigi styrki öðrum en þeim, sem þegar hafa byrjað nám eða hefja það um þessar mundir. Það námsfólk, sem hyggst að stunda langt nám, var að öðru jöfnu látið sitja fyrir um styrki. Auk þess var að sjálfsögðu tekið tillit til undirbúnings umsækjenda og meðmæla.

Nokkrar umsóknir var eigi hægt að taka til greina vegna þess, að þær bárust eigi Menntamálaráði fyrir en löngu eftir að umsóknarfrestur var útrunninn.

Styrkirnir eru nú, eins og s. l. ár, í tveimur flokkum, kr. 2000.00 og kr. 3000.00. Við ákvörðun styrkupphæðanna var m. a. tekið tillit til framfærslukostnaðar í dvalarlandinu.

Svör til þeirra nýrra umsækjenda, sem ekki hefir verið hægt að veita styrki að þessu sinni, verða eigi send fyrir en lokið er afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár.

Það skal að lokum tekið fram, að enginn ágreiningur var í Menntamálaráði um úthlutun námsstyrkjanna.

Ráðskona

óskast til að ræsta og matreiða fyrir einn mann. — Fátt um gesti, lítið að gera, gott kaup. Nöfn og nákvæmar upplýsingar (atvinna, aldur, dvalarstaður áður) leggist inn á afgreiðslu Vísis fyrir 25. febr. merkt: „Við miðhæinn“.

Gylltur

eymalokkur

tapadist, sennilega í anddyri Sjálfstæðishússins á laugardagskvöldið. Vinsamlegast gerið aðvart í síma 5527.

Bílskúr

óskast til leigu. — Uppl. í SÍLD & FISK, Bergstaðastræti 37. Símar 6723 og 4240.

Kristján Guðlaugsson og Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögsmenn Austurstr. 1. Símar 3400 og 4934

Húsnæði

STÚLKA sem vinnur úti óskar eftir herbergi og eldunarplássi í vor, má vera í kjallara. Tilboð sendist fyrir miðvikudagskvöld, merkt: „Rólegt“. (473)

HERBERGI til leigu fyrir eldri konu. Lítillsháttar húshjálp. Uppl. Óðinsgötu 32, inngangur af götunni. — (472)

TVEIR algjörir reglumenn óska eftir góðu herbergi um næstu mánaðamót helzt með innbyggðum skápum. Afnot af síma gæti komið til greina. Uppl. í dag frá 3—6 í síma 6009. (479)

DÖNSK stúlka óskar eftir herbergi í nokkra mánuði með aðgang að baði. — Turi Mortensen, Víðimel 30. Sími 7271. (478)

HEFI 2 sólrík herbergi til leigu á hitaveitusvæðinu með sérinngangi og baði, sem liggja saman eða sitt í hvoru lagi. Aðeins reglusamir karlmenn koma til greina. Ennfremur eitt loftherbergi. — Tilboð, merkt: „Austurbær —425“ sendist dagl. Vísi. (492)

Félagslíf



Í. R. MUNIÐ AÐAL-FUNDINN

í kvöl kl. 9 í V. R., uppi. — Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.



VÍKINGAR. KNATT-SPYRNU-MENN!

Meistara og I. fl. æfing í kvöld kl. 9 í Í. R.-húsinu. — Mætið allir. — Nefndin.



K. R. AUKA-AÐAL-FUNDUR

verður haldinn í kvöld kl. 8.30 í félagsheimili V. R., miðhæð. Fulltrúar sömu og á aðalfundi. — Stjórn K. R.



FRAMARAR. INNAN-FÉLAGS-MÓTIÐ

hedlur áfram í kvöld og hefst kl. 8.30 að Hálogalandi. — Fyrst keppa A-fl. karla og III. fl. karla. Mætið stundvíslega. — Nefndin.

STÚLKU

vantar í buffið og fleira. Uppl. á skrifstofunni.



Hótel Borg

Hvað viltu vita?

J. H. spyr: Er ekki grundvöllur fyrir því í lögum þeim, er fjalla um heilsuvernd og örorkubætur, að maður til dæmis geti sótt um örorkubætur, ef hann þjáist af of háum blóðþrýsting og er veill fyrir hjarta.

Svar: Samkvæmt upplýsingum frá Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni, er of hár blóðþrýstingur út af fyrir sig ekki nægilegur til þess að öðlast örorkustyrk eða bætur skv. íslenzku tryggingalöggjöfinni, þar sem hann er aðeins sjúkdómseinkenni. Greina verður á mill styrks og bóta, en örorkulífeyri er ekki skylt að veita, nema starfsgetan hafi minnkað um ¾. Aftur á móti geta menn orðið styrks aðnjótandi og sker tryggingayfirlæknir úr hverju sinni eftir vottorði frá héraðslækni. Rétt er því fyrir spyrjanda að snúa sér beint til tryggingayfirlæknis og fá úrskurð hans.

Skólastúlka spyr: „Eg hefi undanfarið hálf annað ár

verið með sama piltinum og alltaf haldið, að við myndum verða hjón. En nú óttast eg, að önnur sé að taka hann frá mér. Hvað á eg að gera, láta það afskiptalaust eða segja honum til syndanna?“

Svar: Spurning þessi er erfið viðureignar og fer svar hennar nokkuð eftir því hvort spyrjandi telur piltinn þess virði að haldið sé í hann. Reynslan hefir sýnt, að það er ekki til bóta að ganga um of á eftir karlmönnum. Þeir virðast oft sækjast einmitt eftir því, er erfiðast er að fá.

J. B. spyr: Hvaðan er fengið nafnið „Þegar býður þjóðarsómi ...“ sem var á fyrstu Churchill-greininni? Hvers vegna er það í gæsalöppum? Hvað heitir þetta bindi á frummálinu?

Svar: Það er tekið úr kvæði eftir Einar Benediktsson og er því haft innan gæsalappa. Nafn bindisins á frummálinu er „Their finest hour.“